



UNIVERSITY OF ICELAND

Jan Valtin

and Iceland

Professor Hannes H. Gissurarson

Conference in Poitiers

15 November 2019

Afhjúpanir þýzks kommúnista:

Íslenzku kommúnistarnir í þjón- ustu rússnesku leynilögreglunnar!

Eimskipafélagsskipin, sem fóru milli Hamborgar og Reykjavíkur, voru notuð til að flytja leynipóst á milli.

SJALDAN HEFIR VERIÐ varpað eins skörpu ljósi yfir vinnubrögð Moskvakommúnistanna og í bók, sem er nýlega út komin, bæði í Ameríku og í Englandi — og heitir „Out of the Night“, eða í íslenzkri þýðingu, Út úr myrkrinum.


Höfundur þessarar bókar er fyrrverandi þýzkur kommúnisti, sem kallar sig Jan Valtin, en heitir réttu nafni, eftir því, sem upplýst hefir verið í amerískum blöðum, Krebs, og lifir nú landflótta í Ameríku.

Hann var árum saman einn af aðalerindrekum Alþjóðasambands kommúnista og rússnesku leynilögreglunnar G.P.U. og ferðaðist víða um heim undir fölsku nafni og með fölskum vegabréfum, og var aðalstarfssvið hans áróður, skipulagning og skemmdarverkastarfsemi í höfnum og á kaupskipaflotum landanna. Hafði hann þó lengi aðalbækistöð í Hamborg og stjórnaði þaðan moldvörpustarfi Moskvakommúnistanna og fylgis-
manna þeirra á Norðurlöndum.

löndum, jafnvel í því smæsta:

„Meira að segja einu tvö gufuskipin, sem fóru reglulegar ferðir milli Íslands og Hamborgar, „Dettifoss“ og „Goðafoss“ voru mönnuð að meirihluta af kommúnistum, og notuð sem leynipóstfleytur fyrir G.P.U.“

Það skal nú ósagt látið hvort meirihluti skipshafnanna á þessum tveimur skipum verða höfundinum nokkuð sérstaklega þakklátar fyrir það, að vera stimplaðar af honum sem kommúnistar. Hitt er ekki ástæða til að rengja að höfundinum hafi verið kunnast um ein-
1950



The People's Paper 11 July 1941

*The Morning
Paper 22 July
1941*

Moldvörpustarf rauðliða: Fyrsti kafli

Richard Jensen og kommúnistaflokkur Danmerkur

Jeg var kvaddur til Berlín 6. des. 1932 til þess að gefa Georgi Dimitrov skýrslu. Hann var feitur og sællegur. Meðan þrumskýin voru á lofti í júlí hafði hann óttast að Vestur-Evrópuskrifstofa Komintern, sem hann stjórnaði, myndi neyðast til að flytja frá Berlín. En nú áleit hann slíkar varúðarráðstafanir ekki nauðsynlegar lengur. Óstyrkurinn, sem hafði gripið þá Komintern-menn, hafði rjenað eftir að Hitler hafði beðið hnekki í kosningunum í nóvember. Nú beindist athyglin enn á ný frá „brúnu bölvuninni“ að „erki-óvininum“: jafnaðarmannaflokknum. Dimitrov sagðist fullvissa mig um, að Hitler væri að hverfa úr sögunni. „Hitler kemst aldrei til valda“, sagði hann fast.

Á skrifstofu Dimitrovs í Wil-

Vestur í Ameríku hefir eigi verið meira um neina bók talað undanfarna mánuði en sjálfsefisögu Jan Valtins, sem hann nefnir „Out of the night“. Valtin gerðist erindreki undirröðursstofnunar rússneskra kommúnista í Vestur-Evrópu, en miðstöð þeirra var lengi vel í Berlín. — Eftir að Hitler náði völdum í Þýskalandi komst Valtin á vald Gestapo-lögreglunnar og sat í fangabúðum uns honum tókst að flýja land og komast til Ameríku.

Í æfisögu sinni segir hann hispurslaust frá starfsaðferðum kommúnista-undirröðursmannanna og einkalífi þeirra, en síðari hluti bókarinnar segir frá þrælmenskubrögðum þýsku leynilögreglunnar. Verður ekki á milli sjeð, hvort verra er. Valtin virðist leggja framkvæmd beggja stefnanna að líku, segir hispurslaust frá og reynir ekki að hlífa sjer eða fegra sitt eigið athæfi.

Einn kafli bókarinnar heitir: „Scandinavian Interlude“ — Millispil á Norðurlöndum — og er þar lýst ýmsum forsprökkum bolsjevika-undirröðursins í Danmörku og Noregi. Upphaf hans er svohljóðandi:

erfiðismaður áður og hafði gaman af að sóa fje eins og greifi, og hann var einn af þeim fáu út-

miði kommúnismans. Að brjóta á bak aftur áhrif jafnaðarmanna meðal hafnarverkamannanna og


mannahafnar til þess að bjarga sambandi sínu. Hann flutti þriggja stunda ræðu á þýsku, en Richard Jensen mútaði túlk hans til þess að gera sjer upp veikindi. Enginn annar túlkur var við hendina. Hollendingurinn hjelt aftur til Amsterdam, sigraður. Kyndarasambandið, miljónasjóðir þess og húseignir í Kaupmannahöfn urðu raunveruleg eign Komintern, og Jensen rjeð öllu, flíbbalaus og órakaður, en „máttugri en konungur Danmerkur“.

Jeg átti að fara í tíu daga ferð um danska hafnarbæi og tala á fjelagsfundum sem „unboðsmaður flutningaverkamanna sovjet-sambandsins“. Danmörk var gæfusamt land og frjálslegt. Jeg ferðaðist — sem „rússneskur erindreki“ — til Odense, Sønderborg, Aarhus, Esbjerg, Aalborg og ýmsra smærri

*A New
Newspaper 5
September
1941*

Alþýðublaðið, Göbbels og M. F. A. á sömu línu

**Nazistaútvarpið í Berlín mælir með
næstu útgáfubók M. F. A.**





The Protagonists: Benjamin and Laxness



- Benjamin Eiríksson (1910–2000): Stalinist student, economist, later a bank director and free market liberal
- Halldor K. Laxness (1901–1998): Stalinist author, later a critic of Stalinism, Nobel Prize in Literature 1955

Their Shared Secret: Vera Hertzsch

- Benjamin's girlfriend in Moscow 1936
- Gave birth to his baby in March 1937
- Separated, but not formally divorced from former husband, Abram Rozenblum, arrested and executed for being a Trotskyite
- Vera sentenced as the wife of an 'Enemy of the People'
- Arrested in March 1938 while Halldor Laxness was having dinner at her home
- Baby soon perished, in 1943 she died of hunger in Karaganda



Um bókina OUT OF THE NIGHT.

I.

ÞEGAR allar umbyltingarnar eftir seinustu heimsstyrjöld voru um garð gengnar, voru Sovétríkin og vald bolsévíkanna þar hinn eini áþreifanlegi, varanlegi árangur, sem náðst hafði, í augum byltingarsinnaða sósíalista. Álit og áhrif bolsévíkaföringjanna voru því geysileg. Alþjóðasamband kommúnista — Komintern — hafði verið stofnað. Það hafði verið gert gegn eindregnum vilja margra sósíalista í Vestur-Evrópu, t. d. Rósu Luxemburg. Hún vildi bíða þangað til byltingarsinnaðir flokkar hefðu risið upp í Vestur-Evrópu, og gætu stofnað sambandið. Hún vildi gjarna hafa bolsévíkana fyrir bandamenn — en ekki húsbændur, til þess var hún of kunnug bolsévísmanum og Rússlandi. En Lenin bar við, að stofnunin gæti ekki beðið sökum þess, hve aðstaða Sovétríkjanna væri erfið. Komintern varð því frá upphafi á valdi Rússanna. Starfsaðferðir þeirra og þarfir Sovétríkjanna hafa síðan markað þróun

Í þessu landi prentfrelsisins eru menn skyndilega varaðir við að lesa bók, sem hingað hefur borizt. Og meir en það: það er haft í heitingum við bókaútgefendurnar, ef þeir hugsi sér að gefa bókina út á íslenzku. Þeim er bent á 16 ára fangelsisrefsingu. Bókin, sem fer svona í taugarnar á sumu fólki, er Out of the Night eftir Jan Valtin, en rétt nafn höfundarins mun vera Krebs. Eitt af því sem er eftirtektarvert við skrifin gegn bókinni, er það, að af skrifunum verður ekki ráðið, að viðkomandi menn hafi lesið bókina.

Bókin er ævisaga höfundarins. Hann er þýzkur kommúnisti. Um það bil tvo áratugi hefur hann starfað í þágu þýzka kommúnistaflokksins og Komintern víða um heim. Hann hefur setið þrjú ár í fangelsi í Bandaríkjunum og á fjórða ár í fangelsum og fangaþúðum Hitlers. Bókin er því að miklu leyti saga kommúnismans í Vestur-Evrópu þessa tvo áratugi.

Bernsku sinni eyðir höfundurinn á flokki víða um heim með

sjós, tekur þátt í uppreisninni í Hamborg 1923, verður fastur starfsmaður hjá Komintern og starfar meðal sjómanna á verzlunarflotanum, bæði í Evrópu og Ameríku.

Eftir að Hitler kemst til valda er hann sendur til Þýskalands að undirlagi Wollwebers, yfirmanns starfsemi flokksins í Þýskalandi, í stað þess að taka við starfi sem yfirmaður starfsemi Komintern meðal sjómanna um allan heim. Hann segir, að Wollweber hafi séð fram á það, að ef hann tæki við því starfi, myndi hann — þ. e. Wollweber — ekki hafa það vald yfir fjárhagshlið þeirrar starfsemi, er hann óskaði. Þegar Valtin er tekinn fastur í Þýskalandi af Gestapo, skrifar kona hans til Moskva um þessa hluti. Wollweber svarar með því að senda hana til Þýskalands, þar er hún svo tekin föst af Gestapo. Valtin kemst ekki hjá að veita því athygli, að næstum því hver einasti maður, sem Wollweber sendir til Þýskalands er handtekinn af Gestapo einum til tveimur mánuðum eftir komuna.

Valtin fær loks fyrirmæli um það frá flokknum, að ganga í þjónustu Gestapo, til þess að slæpa úr fangelsinu. Fyrsta verk

falsskýrslur, sem stundum koma alla leið frá Moskva, til Þýskalands. Nazistarnir halda konu hans og barni sem gíslum. En Wollweber og félagar hans hafa annað að hugsa, en að reyna að ná þeim út úr Þýskalandi. Þetta, ásamt ýmsu fleiru, leiðir til ágreinings við Wollweber. Til þess að komast hjá því að verða myrtur af félögum sínum flýr hann úr fangelsinu, sem þeir halda honum í fyrir utan Kaupmannahöfn. Þeir svara með því að birta passa Gestapo og skrifa þannig um hann, að Gestapo veit, hvernig hann hefur leikið á þá. Nokkru síðar fréttir hann lát konu sinnar.

Bókin er skrifuð mjög blátt áfram og reiðilaust. Hún er ekki aðeins lýsing á starfsemi Komintern og þeim aðferðum, sem þar tíðkast, heldur er hún líka bókmenntir, því höfundurinn er prýðilega ritfær. Lýsingar hans af verkföllum, ferðalögum, viðskiptum við kommúnista, æðri sem lægri, lögregluna — og síðast en ekki sízt — konuna sína, Firelei, eru meistaralegar. Eg skil ekki í að neinn, sem les bókina, gleymi í bráðina lýsingu hans á rannsókn lögreglunnar á farþegunum með járnbrautarlestinni milli Spandau og Bergeborf við Ham-

þeim var, sluppu öll. Annars gefur það sennilega ranga hugmynd af bókinni, að taka einstök atriði þannig út úr; hún er mettuð athöfnum og atburðum. Það má í sannleika segja, að Valtin hefur lifað viðburðaríku lífi.

III.

Þeir, sem fyrir hvern mun vilja halda bókinni frá íslenzkum sósíalistum, gera það vegna þeirra lýsinga, sem þar eru á starfsaðferðum Komintern. Fyrir þá, sem vel hafa fylgst með þróun Komintern kemur ekkert á óvart það, sem Valtin segir. Ræktun kommúnistaflokkanna með hinum bolsévístísku starfsaðferðum hefur borið þessa kynlegu ávexti.

Aðalmunur á skipulagi bolsévíkaflokksins og verkalýðsflokka Vestur-Evrópu er sá, að bolsévíkaflokkurinn er skipulagður á einræðisgrundvelli, þeir á lýðræðisgrundvelli. Strax um aldamótin sá Plekhanoff hvert stefndi, og spáði þróun bolsévismans „til lyktar, unz allt mun að lokum snúast um einn mann, sem — **ex providentia** — sameinast í sinni persónu allt vald.“

Til þess að brjóta flokksmeðlimina til hlýðni við einráða flokksföringja eru ýmsar aðferð-

New Country 22 August 1941

A New
Newspaper
31 August
1941

Vondur félagsskapur

Benjamín Eiríksson heitir nýlega útlærður hagfræðingur, sem dvaldi á námsárum sínum bæði á Norðurlöndum og í Sovétlýðveldunum. Hann lifði þar í nánun bræðralagi við kommúnista, var kunnugur starfsemi kommúnista, enda sjálfur virkur meðlimur kommúnistaflokks. Nú gerir Benjamín í Nýju landi að umtals efni falsrít það, sem hinn illræmði hjálparkokkur Hearsts í bolsévikaníði og Sovétálgum, Bandaríkjagyðingurinn Isaac Don Levine hefur samið undir gervinafninu Jan Valtin og titlinum Out of the night, og síðan fengið viðurkennt sem svo kallaða mánaðarbók hjá afturhaldsklúbb einum í Bandaríkjunum, en sú viðurkenning er talin meðal helztu bókmenntalegra hneyksla þar í landi. Bók þessi er að vísu langt frá því að vera eins dæmi, „konjúktúr-bókmenntir“ af þessu tagi hafa undan-

maður og erindreki þriðja alþjóðasambandsins í Moskvu, og haft með höndum skipulagningu kommúnistaflokka víða um lönd. Lýsingar Isaacs Don Levines á starfsemi kommúnistaflokka eru hins vegar svo fráleitar, að það er óhugsandi, að sá maður hafi nokkru sinni komið nærri kommúnistiskri starfsemi, sem getur látið sér hugkvæmast að setja saman þvílíkt buil. Aftur á móti eru

hættulegan leynipóst, sem átti að fara frá Íslandi til Moskvu yfir Hamborg, skip íslenska Zimskipafélagsins hafi verið „póstfleytur fyrir leynilögregluna rússnesku“. Mikið rétt: Skipin Dettifoss og Goðafoss eru til, það er hægt að benda á þau — alveg eins og Rikhard Jensen er til og Poul Henningsen er til. En þegar maður les í amerískri bók, að skip þessi hafi verið höfð til

Effir Halldór Kiljan Laxness

lýsingarnar nákvæm spegilmynd af hinum alþekktu áróðurslygum þýzkra fasista um starfsemi þessara flokka, svo það virðist ekki ástæða til að rengja heimildarmann Isaacs Don Levines um það, að hann hafi verið góður og gildur starfsmaður Himmlers hins þýzka, af hvaða ástæðum, sem hann kann að hafa hætt því.

að flýttja einhvern spennandi leynipóst frá Íslandi til Moskvu, og að öll skipshöfnir á skipunum hafi í senn verið kommúnistar og starfsmenn rússnesku leynilögreglunnar. Þá hlýtur það að kalla fram hjá Íslendingi samskonar brosi og þeir hljóta að brosa, sem þekkja til, þegar þeir lesa um hið yfirkonunglega vald hins

Halldór Kiljan og Komintern

I.

FYRIR um það bil mánuði skrifaði ég grein um bókina *Out of the Night* eftir Jan Valtin. Greinin birtist í Nýju landi 22. ágúst. Þessi grein mín hefir orðið Halldóri Laxness rithöfund til efni til nokkurra skrifa í Nýju dagblaði 1. sept. síðast liðinn.

Í grein minni voru eftirfarandi staðhæfingar:

að hinar bolsévistisku starfsaðferðir kommúnistaflokkanna hafi orðið þeim til eyðileggingar;

að bolsévisminn hafi brotið baráttuprótt lýðræðisafllanna í Mið-Evrópu, opnað fasismanum flóðgáttirnar, sundrað og spilt verkalyðshreyfingunni pólitískt og siðferðislega;

að í bolsévismanum sé báttur

gjaldþrota í Vestur-Evrópu;

að enginn sósíalísti geti gert málefni sínu meira ógagn en að afsala sér sannfæringu sinni í nafni hollustu við einhverja flokksstjórn, að með því grafi hann undan innanflokkslýðræðinu og þar með samtökunum og eyðileggi þau sem tæki í þágu mál-efnis síns.

Fleira er í greininni svipaðs efnis. En í þessu er hvorki meira né minna en ráðizt á sjálfar grundvallarkenningar Komintern — Alþjóðasambands kommúnista. Ætla mætti, að hér væri tækifæri fyrir flokksstjórnarmeðlim Sósíalistaflokksins, flokksins, sem fyrir tæpum tveimur árum klofnaði út af afstöðunni til Komintern, — til að taka upp vörn gegn þessari árás. En í svari

málavettvanginn virðist eftir því að dæma ekki tiltakanlega pólitískt.

II.

Hér á landi hefir allmjög borið á því hin seinni ár, að reynt hefir verið að rýra gildi ákveðinna skáldrita í augum almennings með því að tína til úr þeim þá kaflana, sem um kynferðismál fjalla, eða þar sem kynferðisathöfnum er lýst, blása þá síðan upp og gera að Grýlu, í því skyni að fæla fólk frá bókunum. Bækur Halldórs hafa orðið fyrir þessu. Mér hefir stundum fundizt gagnrýni af þessu tagi bera vitni um óheilbrigt sálarástand riddómanna sjálfra. Að vísu hefir stundum skort á smekkvísi í meðferð kynferðismálanna, en hið sama má segja um meðferð fleiri verkefna, sem skáldin hafa valið sér.

Í grein sinni segir Halldór, að Valtin lýsi framvarðarliði verkalyðsins á Norðurlöndum og í Sovétlýðveldunum sem „þjófum, fiárvikum, saurlífnaðarhund-

væni sönn, hafi ég gert þessi um: mæli að mínum.

Mér krossbrá, þegar ég las þessi kirkjuföðurlegu vandlætingarskrif. Er Halldór í raun og veru haldinn sömu sálarmeinsemdum og sumir riddómarar hans? Ég hélt í grandaleysi, að grein mín hefði fyrst og fremst verið stjórnmálalegs efnis, eins og ég vona að upphafið á þessari svargrein minni sýni. Þegar ég segi, að bókin sé sönn, á ég auðvitað við, að hún sé ekki falsrit, eins og Halldór fullyrðir að hún sé. Í bókinni man ég ekki eftir neinum kynferðislýsingum, sem gætu orðið lýsingum Halldórs hættulegar. Ég minnst heldur ekki sérstaklega lýsinga á almennum glæpum, þótt þær kunni að vera þar. Bókin er um 800 bls., og ég hefi aðeins lesið hana einu sinni, sem þó er einu sinni oftár en Halldór hefir lesið hana. Fannst mér bókin athyglisverð fyrir annað meir en það, sem H. L. telur upp. Klám-skuggar menn og glænnaskir

í bókinni er sagt frá ýmsu, sem ekki er hægt að kalla annað en glæpi — pólitíska glæpi, þar á meðal einkum kæruleysi um velferð sósíalísmans og verkalyðsamtakanna, sem vel má kalla glæpsamlegt, þegar litið er á afleiðingarnar. En Halldór sneiðir hjá því að minnst á þessa hluti og hefir sjálfsagt gildar ástæður til þess, en þyrlar í þess stað upp moldreyk um „saurlífis-hunda, föstuþeyðingarmenn“ o. s. frv.

III.

Eftir að ég hafði sannfærzt um, að starfsaðferðir bolsévíkanna hefðu miður góð áhrif á kommúnistaflokkana, einkum sökum áhrifa þeirra, er þær hefðu á pólitískt uppeldi meðlimanna og á val forystumanna, áleit ég, að verkalyðshreyfingunni í Vestur-Evrópu stafaði sú ein hættu af ihlutun bolsévíkanna, að hún fengi vegna hennar lakari forystu en ella og yrði því minna ágengt. Það var ekki fyrr en ég sá flokkshreinsunina miltu í Sov-

The People's Paper 15 September 1941

Pegar Valtin var sovétskipstjóri:

Fyrsti skipstjórinn í Kommúnistaflokkinum

FLOKKURINN komst á snöðir um, að ég hefði skipstjóraréttindi. Í lok mánaðar var ég kallaður til Berlínar, og stúlkan, sem tók á móti mér á járnbrautarstöðinni, fór með mig beina leið á ráðstefnu í skrifstofu Ernst Thälmanns í Karl Liebknechtshúsi. Fritz Heckert og Dimitrov voru viðstaddir.

Dimitrov, sem angaði af ilm-smyrslum eins og venjulega, brosti frá eyra til eyra. — Þú ert víst fyrsti skipstjórinn, sem er jafnframt meðlimur kommúnistaflokksins, sagði hann.

Fritz Heckert strauk hvapkennda ýstruna og kom þegar að málefnum. — Þú verður nú að komast í félagsskap skipstjóra og vélamanna á kaupskipaflotunum í því skyni að stofna kom-

ALÞYÐUBLAÐIÐ byrjar í dag að birta ofurlítið sýnishorn af hinni heimsfrægu bók þýzka kommúnistans Jan Valtin, „Out of the Night.“ Er það sérstakur samfelldur kafli, sem nefnist í bókinni „Sovétskipstjóri“ og segir frá ævintýralegrri för höfundarins frá Bremen til Murmansk með tvö ný skip, sem sovétstjórnin hafði látið smíða fyrir sig í Bremen.

Valtin hafði frá barnæsku öðru hvoru verið sjómaður, og aðalstarf hans fyrir alþjóðasamband kommúnista og þýzka kommúnistaflokkin var alla tíð á meðal sjómanna. En jafnhliða áróðursstarfinu gekk hann á árunum 1930—1931 á sjómannaskóla í Bremen og lauk þar skipstjóra-prófi.

Hefst frásögnin í kaflanum, sem hér er birtur, rétt eftir, að hann hafði lokið því prófi.

mig vita, þegar hann hefði útvegað hæfilegt skip handa mér. Því næst símaði Fritz Heckert

inn fastur af Gestapo árið 1934, dæmdur í fangelsi fyrir landráð. Slapp frá Þýzkalandi árið 1936

Frægasta bók ársins

UR ÁLÖGUM

eftir JAN VALTIN

í þýðingu EMILS THORODDSEN

er komin út og fæst í Bókaverzlunum.

Um enga bók, sem komið hefir út í ár, hefir verið meira rætt né ritað en þessa. Engin hefir náð meiri fjölda lesenda. 360 þúsund eintök seldust af henni á einum mánuði í Ameríku. Og enginn, sem hefir lesið bókina, furðar sig á því.

Spennandi, eins og skáldsaga,

segja jafnvel andstæðingar höfundarins.

Og hún er sönn,

segja þeir, sem dómbærastir eru um það.

The People's Paper 2 Sept. and 16 Dec. 1941

Later research has confirmed that ...


- some seamen on Icelandic freighters were Comintern couriers, at least Jon Adalsteinn Sveinsson (says Whitehead)
- Richard Jensen was Comintern's man in Denmark, handing over money to the party, as he later admitted, and smuggling arms to Spain during the Civil War
- Valtin's account of two trips to Norway are "more or less" correct despite some inaccuracies (says Borgersrud)

Two commentators

- Sidney Hook told me at Hoover Institution that he was not sure about Valtin. “That’s the question.”
- Mario Vargas Llosa told me at a Mont Pelerin Society meeting that Valtin’s book had made a huge impact on him.



Icelandic republication of Valtin's book



- Correct all known errors, but accept everything else
- Two schools of thought on Valtin
- Nelles and Borgersrud: Unreliable and by a Gestapo agent
- Waldenfels, Fleming and Bourgeois: A ring of truth (like Benjamin claimed in 1941)
- Not a counter-argument that Valtin was a Gestapo agent: he confessed to it himself!
- A mirror of the age, like Zweig's *Welt von Gestern*

